

Rektor setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda
Andrea Hjálmsdóttir varafulltrúi menntamálaráðherra
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi menntamálaráðherra
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs
Þóroddur Bjarnason fulltrúi starfsmanna

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir fyrir hönd dómnefndar
Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður fasteigna og rekstrar
Solveig Hrafnadóttir forstöðumaður kennslusviðs
Sigrún Stefánsdóttir formaður stjórnar rannsókn sjóðs HA

Rektor kynnti dagskrá.

1. Dómnefndarálit Birgir Guðmundsson, framgangur lektor-dósent

málsnúmer

Rektor bauð Guðríði Gyðu fulltrúa dómnefndar velkomna. Gerði hún grein fyrir vinnu dómnefndar við álit. Niðurstaða nefndarinnar er að Birgir sé hæfur til að gegna stöðu dósents við Háskólann á Akureyri. Rektor þakkaði Guðríði Gyðu fyrir og fór hún af fundi. Háskólaráð staðfesti dómnefndarálit einróma.

2. Fundargerð 287. fundar

0911022

Rektor gerði grein fyrir athugasemdum við drög að fundargerð sem borist höfðu frá Þóroddi.

Ákveðið var að framvegis yrðu athugasemdir við fundargerðir sem rektor hefur samþykkt sýndar með track-changes fyrir hvern fund.

Fundargerðin var borin upp og samþykkt einróma.

3. Flutningaáætlun vegna nýbyggingar HA

"[málsnúmer]"

Ólafur Búi kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn.

Sagði Ólafur frá framkvæmdum við VI áfanga uppbyggingar HA á Sólborg sem er um 2.300 m² að stærð auk 300m² geymslu í kjallara. Greindi hann frá fjölda vinnustöðva fyrir kennara sem rúmast á svæðinu, og hvar fræðasvið og stoðþjónusta verður til húsa. Einnig gerði hann grein fyrir kennslurými og nemendaaðstöðu. Hátíðasalurinn mun rúma allt að 500 sæti. Anddyrið mun nýtast sem háskólatorg. Alls verða þá um 8.000 m² til ráðstöfunar á Sólborg. Þar við bætist húsnæði á Borgum.

Ákveðið er að flutningar fari fram síðsumars 2010. Áætlun um flutninga er í

kynningu meðal starfsfólks. Áformað er að vígja húsið í ágúst nk. á afmæli Akureyrarbæjar sama dag og Hof menningarhús verður vígt. Rætt var um möguleika á samvinnu milli HA og Hofs og menningarstarfsemi í miðbænum.

Eftirfarandi bókun frá fundi framkvæmdastjórnar 27. janúar sl. var borin upp:

„Framkvæmdastjórn fagnar því að tekist hefur að fá fjármagn til að ljúka nýbyggingu HA. Framkvæmdastjórnin telur að það verði háskólanum til framdráttar þegar starfsemin verður öll á Sólborgarsvæðinu. Ákveðið var að halda áfram að undirbúa flutninga í samræmi við áætlun. Stefnt er að því að flutningar fari fram í júlí-ágúst næstkomandi. Áætlun um flutningana verður kynnt innan HA á næstunni.“

Háskólaráð samþykkti bókunina einróma.

Rektor þakkaði Ólafi fyrir og fór hann af fundi.

4. Almanak HA skólaárið 2010-2011

1001042

Rektor bauð Solveigu Hrafnisdóttur velkomna á fundinn.

Kynnti hún kennslualmanak háskólans sem hér eftir verður sérstakt almanak yfir það sem varðar kennslu, leyfi og kennslufall (sbr. 28. gr. reglna fyrir HA nr. 387/2009). Annað almanak verður fyrir viðburði.

Með kennslualmanaki verða festar ákveðnar dagsetningar. Eindagi skrásetningargjalda verður framvegis sá sami fyrir alla nemendur. Ákvæði sem varða ágústpróf falla niður (sbr. námsmatsreglur 885/2009).

Sú athugasemd var gerð við kennslualmanakið að Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember fari á viðburðadagatalið. Ennfremur var ákveðið að Opnu húsi 27 mars verði frestað þar til í seinni hluta september.

Aðalheiður benti á að þess yrði að gæta að ekki yrðu færri en er 12 dagar milli prófs og sjúkra/endurtökuprófs. Það er sá frestur sem kennarar hafa til að skila einkunnum.

Rektor þakkaði Solveigu fyrir og fór hún af fundi.

Háskólaráð samþykkti almanakið einróma.

Ákveðið var að í stað Opins húss verði efnt til kynningar á húsum og starfsemi háskólans eftir að nýbyggingin hefur verið vígð. Kynningin verður fyrir almenning og styrktaraðila HA.

5. Úthlutun úr rannsóknasjóði HA

"[málsnúmer]"

Sigrún Stefánsdóttir kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.

Umsóknarfrestur var til 1. desember sl. og umsækjendum var svarað í byrjun janúar. 38 umsóknir bárust, þar af 36 um styrki til rannsókna. Úthlutað var kr. 12.595.000 til 23. umsækjenda. Sú leið var farin að úthluta ekki til launa kennara vegna takmarkaðs fjármagns, og með vísan til rannsóknaskyldu þeirra.

Sigrún svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Ákveðið var að í ársskýrslu HA skuli þess getið hvaða kennarar fá rannsóknastyrki frá fyrirtækjum.

Háskólaráð samþykkti úthlutun úr rannsóknasjóði einróma.

Rektor þakkaði Sigrúnu fyrir og fór hún af fundi.

6. Námsframboð 2010-2011

Rektor greindi frá vinnu framkvæmdastjórnar við undirbúning niðurskurðar í rekstri háskólans 2010-2011.

Kennsluskipulag skal miða að því að lágmarka yfirvinnu. Um allt nám við háskólann gildir: hagræðing og samkennsla. Gætt verður að faglegum sjónarmiðum og gæðasjónarmiðum. Ef til breytinga á námsframboði kemur verður leitað leiða til að tryggja að hægt verði að sækja námið annarsstaðar.

Varðandi framhaldsnám í viðskiptafræði verður tekið mið af niðurstöðu úttektar í kjölfar eftirfylgniskýrslu. Námslína á MS stigi í viðskiptafræði verður ein í stað tveggja frá og með janúar 2010. Leitað verður eftir stuðningi við námið frá fyrirtækjum. Verið er að athuga möguleika á samstarfi um ferðamálafræði og auðlindafræði við háskólann á Hólum. Sérstök nefnd fjallar um málefni fræðasetra og mögulega tengingu þeirra við námsframboð háskólanna. MTA (Master of Tourism Administration) nám verður ekki tekið upp að óbreyttu.

Um kennslu í lögfræði gildir hið sama varðandi úttekt í kjölfar eftirfylgniskýrslu. Endurskoða á LLM nám í lögfræði. MA nám í lögfræði kann að þróast í þá átt að verða þverfaglegt með áherslu á norðurslóðir. Auglýst verður staða kennara í lögfræði og er æskilegt að ráðning taki gildi ekki síðar en 1. ágúst nk. Sérstakar samstarfsnefndir HA og HÍ munu m.a. fjalla um kennslu í viðskiptafræði og lögfræði.

Varðandi auðlindafræði kann grunnnámið fyrstu tvö árin að verða sameiginlegt en sérhæfing verði á þriðja ári. Horft er til þróunar námsframboðs í umhverfis- og orkufræði við HA með hliðsjón af framtíð RES orkuskóla.

Um sjávarútvegsfræði og líftækni gildir að rannsókn- og þjónustuþáttur námsins er vaxandi. Það styrkir grundvöll til náms á meistarastigi. Lögð verður áhersla á að nýta námskeiðsframboð annarra háskóla í framhaldsnámi í þessum greinum.

Í félagsvísindadeild eru fimm námslínur. Unnið er að samkennslu milli námskeiða, hugsanlega munu einhverjar námslínur renna saman.

Í stjórnáskóla háskólans hefur verið gripið til sparnaðaraðgerða. Athugaðir verða allir möguleikar á sparnaði í húsnæðiskostnaði á Borgum.

Boðaður er áframhaldandi niðurskurður á opinberu fjármagni 2012 og 2013. Rektor ítrekaði ósk um samvinnu við forseta fræðasviða um að kappkosta að sparnaðaraðgerðir leiði til sem jákvæðastrar niðurstöðu fyrir Háskólann á Akureyri.

Háskólaráð fól framkvæmdastjórn að halda áfram vinnu við undirbúning frekari sparnaðaraðgerða.

7. Tillaga að skipun umhverfisráðs HA

1001009

Rektor gerði grein fyrir tillögu að fulltrúum í umhverfisráði, aðalmenn eru: Astrid M. Magnúsdóttir forstöðumaður upplýsingasviðs, Edward H. Huijbens dósent og Guðmundur Óskarsson lektor. Varamaður er Andrea Hjálmsdóttir aðjúnt. Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður er einnig varamaður. Tillaga er um að Edward H. Huijbens verði formaður.

FSHA mun tilnefna tvo aðalfulltrúa og einn til vara.

Háskólaráð samþykkti tillöguna einróma.

Tillaga að skipun stjórnar Verkefnasjóðs um styrk Akureyrarbæjar
1001016

Rektor gerði grein fyrir tillögu að fulltrúum í stjórn, þeir eru:

Dagmar Ýr Stefánsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs, Jórunn Elísdóttir dósent og Jón Þorvaldur Heiðarsson lektor. Tillaga er um að Dagmar Ýr verði formaður.

Tillagan var samþykkt einróma.

8. Önnur mál

"[málsnúmer]"

Rektor greindi frá að skipaður verður starfshópur um réttindi og skyldur nemenda, á grundvelli 19. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Í honum eiga sæti Solveig Hrafnisdóttir forstöðumaður kennslusviðs, formaður starfshópsins, Ása Guðmundardóttir skrifstofustjóri, Sindri Kristjánsson nemi, Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður og Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor.

Þá sagði rektor frá að skipaður verður starfshópur til að meta sóknarfæri kennara við HA til að afla rannsóknastyrka. Í honum sitja Árún Kr. Sigurðardóttir forseti heilbrigðisvísindasviðs, Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor, Jóhann Örlygsson prófessor og Þóroddur Bjarnason prófessor.

Ólafur sagði frá því að rekstrarafgangur yrði á árinu 2009 og lýstu háskólaráðsfulltrúar ánægju með þá afkomu, sérstaklega í ljósi efnahagserfiðleika.

Ákveðið var að fundir háskólaráðs 2. mars og 1. júní hæfust kl. 14.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.20.